

## Starfsnám í grunnnámi

<b>Önn og lengd</b>	<p>Nemendur geta sótt um starfsnám í stað valnámskeiðs. Starfsnámið er í öllum tilvikum ólaunað en nemendur fá 6 ECTS einingar fyrir fulla vinnu í fjórar vikur (160 klukkutundir).</p> <p>Í sérstökum tilvikum er hægt að samþykkja starfsnám sem er styttra eða lengra en fjögurra vikna viðmiðið. Einingar fyrir starfsnám í grunnnámi geta þó aldrei orðið fleiri en 8 ECTS einingar.</p> <p>Hægt er að sækja um starfsnám til umsjónarmanns starfsnámsins og eru umsóknarfrestir fyrir hverja önn tilgreindir í dagskrá skólaársins. Umsókn þarf að fylgja ferilskrá ásamt upplýsingum um hvenær er óskað eftir að komast að í starfsnám og hver eru helstu áhugasvið umsækjenda.</p>
<b>Námslína</b>	Starfsnámið er ætlað nemendum í öllum námslínnum grunnnáms.
<b>Forkröfur</b>	Nemendur skulu hafa lokið 110 einingum að lágmarki.
<b>Tungumál</b>	Ræðst af fyrirtæki/stofnun þar sem starfsnámið fer fram.
<b>Kennari</b>	Nemendur fá einn umsjónarmann í fyrirtækinu eða stofnuninni sem um ræðir sem fylgist með vinnu nemandans og leiðbeinir honum.
<b>Kennsluaðferðir</b>	Um er að ræða þjálfun á vinnustað sem tekur mið af starfsemi stofnunar/fyrirtækis. Handleiðsla er stór hluti starfsþjálfunarinnar. Umsjónarmaður og nemandi hittast reglulega og meta vinnu og framvindu verkefna.
<b>Innihald markmið</b>	og Markmiðið með starfsnáminu er að bjóða nemendum upp á starfsþjálfun undir faglegri handleiðslu reyndra stjórnenda í fyrirtækjum og stofnunum.
<b>Hæfniviðmið</b>	Að starfsnámi loknu eiga nemendur að kunna að beita viðeigandi aðferðum við þau verkefni sem þeim voru falin.



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY

að hafa öðlast sjálfstæði í vinnubrögðum og geta sett upp verkáætlun og fylgt henni.

Að vera færir um að hagnýta þekkingu sína og leikni í viðkomandi starfi eða verkefnum sem þeim eru falin á starfsnámstímanum.

### **Námsmat**

Nemandi heldur dagbók með reglulegum færslum um þau verkefni sem hann vinnur sem ber að skila til sviðsstjóra í þeirri námslínu sem hann stundar nám við.

Umsjónarmaður í fyrirtæki/stofnun vottar ástundun nemanda og verkefnavinnu í lok starfstímans og skilar endurgjöf til skólans.

Fyrir starfsnám er gefin einkunnin staðið/fallið.

### **Lesefni**

Eftir því sem verkefni krefjast.